



Reykjavík, 6. júní 2025

SFS22030264

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga varðandi samning Tónlistarskóla Árbæjar vegna hópakennslu í hljóðfæraleik

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024 og í borgarráði þann 5. september 2024 var samþykkt að samningur við Tónlistarskóla Árbæjar vegna hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla yrði framlengdur til 6. júní 2025. Um var að ræða framlengingu með viðauka við samning til tveggja ára sem samþykktur var á fundi skóla- og frístundaráðs þann 29. mars 2022 og í borgarráði þann 7. apríl 2022.

Um er að ræða fría hópakennslu í hljóðfæraleik í Árbæjarskóla. Frá undirritun samnings hafa allir nemendur í 4. og 5. bekk Árbæjarskóla fengið hópakennslu í gítarleik, píanóleik og söng auk þess að fá þjálfun í að semja tónverk. Kennsluefnið hefur verið þróað með nýtingu tækni, hugbúnaðar og veflægs stoðnáms.

Innleiðingaráætlun um stefnu framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030 kveður á um að auka möguleika barna í borginni á aðgengi að tónlistarnámi. Verkefnið snertir á öllum þessum þáttum og hefur heppnast einstaklega vel.

Ávinningur verkefnisins felst í því að eitt stöðugildi tónlistarkennara gefur öllum börnum í tveimur árgöngum færi á að kynnast hljóðfæranámi. Verkefnið hefur einnig haft margvísleg jákvæð áhrif innan skólans. Það hefur aukið möguleika nemenda til þátttöku í tónlistarsköpun óháð efnahag þar sem áhersla er lögð á að allir fái tækifæri til að kynnast hljóðfæraleik og söng án endurgjalds. Verkefnið hefur jafnframt eftið sjálfstraust nemenda, aukið samvinnu innan og milli hópa og stuðlað að jákvæðni nemenda gagnvart tónlistarnámi.

Með vísan til framangreinds er lagt til að samþykkt verði að framlengja meðfylgjandi samning við Tónlistarskóla Árbæjar sem gildi frá 7. júní 2025 til 6. júní 2026.

Fjárhagsleg áhrif

Kostnaður rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2025.



Reykjavík